

Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 10:00 mánudaginn 4. apríl 2022, Hafnarstræti 91

Mættir stjórnarmenn: Steinunn Heba Finnsdóttir, Álfhildur Leifsdóttir, Hilda Jana Gísladóttir og Tómas Árdal varamaður. Sigrún Hulda Sigmundsdóttir var á fjarfundi. Viggó Jónsson formaður, Guðmundur Þór Birgisson, Örn Arnarson og Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður boðuðu forföll.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Hjalti Páll Þórarinsson verkefnastjóri.

Framkvæmdastjóri stýrði fundi í fjarveru formanns.

Dagskrá:

1. Staða verkefna

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu helstu verkefna MN undanfarnar vikur.

MN stóð fyrir vörupróunar- og samfélagsmiðlafundum nýlega á Húsavík, Mývatni, Þórshöfn, Akureyri og Ólafsfirði. Sams konar fundir voru fyrirhugaðir á Sauðárkróki, Skagaströnd og Laugarbakka, en þeim fundum var frestað vegna mjög dræmrar þátttöku.

MN stóð einnig nýlega fyrir örfundum um Norðurstrandarleið fyrir þátttakendur í verkefninu.

Verkefninu Ratsjánni er nú að ljúka, en 10 fyrirtæki á Norðurlandi tóku þátt að þessu sinni.

Starfsmaður MN kom að verkefninu.

Ski Iceland ferð var haldin síðast liðinn fimmtudag, þar sem skíðasvæðin á Akureyri, Dalvík, Siglufirði og Sauðárkróki voru heimsótt. Ferðin tókst vel og fjöldi ferðaskrifstofa áttu fulltrúa í ferðinni.

Mannamót var haldið þann 24. mars. Góð þátttaka sýnenda og enn betri þátttaka gesta. Allir glaðir að hittast aftur og mikil jákvæðni meðal þátttakenda. Skoða þarf framkvæmd Mannamóta í samhengi við framlag allra Markaðsstofa.

Vinnusmiðjur eru framundan í München, Zurich og París, þar sem MN mun eiga fulltrúa.

Birdfair sýningin í Bretlandi verður haldin í júlí og mun MN taka þátt eins og undanfarin ár ásamt nokkrum fyrirtækjum á Norðurlandi.

Blaðamannaferðir eru komnar á fulla ferð. MN kom að stórri blaðamannaferð frá Voigt Travel í mars sem tókst mjög vel. Í síðustu viku komu 2 blaðamenn til að skrifa um flugvellina á Akureyri og Egilsstöðum, ásamt því að sjá sýnishorn af áfangastöðunum. Á morgun er von á 2 í viðbót í sömu erindagjörðum. Einnig eru á ferðinni um Norðurland blaðamaður og ljósmyndari frá Svíþjóð þessa dagana. Svo er von á þýskum blaðamönum í lok apríl.

Herferð um menningu og sögu er í gangi hjá MN

Nýr ímyndarbæklingur, Arctic Coast Way manual og Diamond Circle manual hafa verið gefnir út.

MN er að fara í útgáfu á nýju samanbrjótanlegu Norðurlandskorti, sem mun koma í stað bókarinnar sem hefur verið gefin út í mörg ár. Er þetta í takt við það sem aðrar markaðsstofur hafa verið að gera. Jafnframt er fyrirhugað að gefa út borðkort, en í breyttri mynd þar sem áherslan verður fyrst og fremst á ferðamannaleiðirnar Norðurstrandarleið og Demantshringinn.

MN hefur staðið í upptökum undanfarið, aðallega myndir og myndskeið að vetri.

Sjálfbærniverkefni MN er komið í fullan gang og haldinn verður stór kynningar- og þátttökufundur um það verkefni 18. maí n.k.

MN tók þátt í aðalfundi SAF sem haldinn var 23. Mars.

Fyrirhuguð er vorhátíð á Norðurhjara þann 28. apríl n.k.

Búið að skipa nýjan formann Ferðamálaráðs og jafnframt er verið að skipa nýjan formann Flugþróunarsjóðs.

Framundan er samtal við Vegagerðina um vetrarþjónustu og vegabætur á Norðurlandi.

2. Flugmál

Hjalti verkefnastjóri fór yfir stöðuna í flugmálum.

Unnið hefur verið mikið með Voigt Travel undanfarið, m.a. blaðamannaferð, móttaka fulltrúa frá ferðaskrifstofu o.fl.

Einnig er vinna í gangi með Niceair varðandi kynningu á þeirra áformum til erlendra aðila. Útlit fyrir talsverða vinnu í kringum það næstu mánuði.

Norðaustur verkefnið (e. Nature Direct) - samstarf MN, Austurbrúar, Isavia og Íslandsstofu um kynningu á AEY og EGS - er í fullum gangi, m.a. móttaka blaðamanna sem skrifa fyrir fagtímarit um flug.

Verið er að ýta á stjórnvöld að koma upp bráðabirgða aðstöðu á Akureyrarflugvelli til brúa bilið þar til viðbygging við flugstöðina verður tilbúin.

MN og Flugklasinn munu standa fyrir ráðstefnu um flugmál á Akureyri 26. Apríl.

Útlit fyrir að Flugþróunarsjóður fái nýjan stjórnarformann fljótlega.

3. Fjármál

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu fjármála MN. Flestir liðir á áætlun, sumir hlutir hafa farið hægar af stað í upphafi árs en gert var ráð fyrir, en útlit fyrir áætlaðir fjármunir muni nýtast seinni hluta árs vegna hratt vaxandi umsvifa í kjölfar Covid.

Mikið álag er á starfsfólki þar sem verkefnum er að fjölgja hratt. Framkvæmdastjóri er að skoða möguleika á tímabundinni ráðningu þar sem einn starfsmaður er á leið í fæðingarorlof í sumar.

4. Undirbúningur aðalfundar

Framkvæmdastjóri fór yfir undirbúning fyrir aðalfund MN.

Aðalfundur verður haldinn á Akureyri 19. maí

Stjórn samþykkti að endurskoðun verði áfram hjá KPMG

Stjórnarkjör:

Sigrún, Heba og Örn eru að ljúka kjörtímabili. Því verður kosið um sæti 2ja stjórnarmanna á Norðurlandi eystra og eins stjórnarmanns á Norðurlandi vestra.

Viggó og Guðmundur eiga ár eftir af sínu kjörtímabili og sitja því áfram.

Þorbjörg og Tómas eru varamenn og kjörin til eins árs í senn. Því verður kosið um sæti eins varamanns á Norðurlandi eystra og eins varamanns á Norðurlandi vestra.

Umræður um skipunartíma sveitarstjórnafulltrúa.

5. Önnur mál

Hilda Jana áréttar með mikilvægi þess að verðandi sveitarstjórnarmenn séu vel upplýstir um starfsemi MN og helstu verkefni. Mikil endurnýjun sé framundan í sveitarstjórnum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 12:15

Fundarritari HPP